Föstudaginn hinn 19. martsm. 1875. hélt hreppsnefndin í Svínavatns hreppi fyrsta fund með sér að Auðkúlu, til þess samkvæmt tilskipun um sveitastjórn af 4. maí 1872 10. gr., að kjósa Oddvita og vara oddvita í sveitastjórnar nefndinni; og var því næst gengið til atkvæða um hinn fyrnefnda, og hlaut Jón Pálmason í Stóradal samhljóða öll atkvæði til að vera Oddviti, en hann bað þess getið að hann taki það því að eins að sér, að endur kosið yrði að ári liðnu. Vara Oddvita kosninga hlaut Erlendur Pálmason í Tungunesi. Því næst skipti nefndin störfum með sér þannig: til bréfagjörða og semja reikninga var kosinn Prófastur Jón Þórðarson. Til fátækrastjórn og sjá um grenja leitir, voru kosnir hreppstjóri Ingvar Þorsteinsson í Sólheimum og Þorsteinn Þorsteinsson á Grund. Til að sjá um vegabætur innan hrepps, var kosinn Erlendur Pálmason í Tungunesi. Fundi slitið.

Pálmason Pálmason Thorsteinsson J. Þórðarson

Ár 1875 föstudaginn hinn 24. September m. var hreppsnefndar fundur settur og haldinn að Stóradal af öllum nefndarmönnum, til þess samkvæmt, bréflegum fyrir mælum hlutaðeigandi sýslumanns, að jafna niður á hreppsbúa varðkostnaði þeim, er leiddi af verðinum í sumar við Hvítá 8 aurum á hverja sauðkind eptir framtali næstl. vor. Niðurjöfnunin framfer því sem fylgir og verður hvers hlutaðeigandi fyrir sig: sem þeim ber að greiða fyrir næstkomandi nýjár í sérstakan reikning á Hólanesi og Skagaströnd:

| | kr. | aur. |
|---|---|---|
| 1. Helga Benediktssonar á Svínavatni | 20 | 8. |
| 2. Ingvars hreppstjóra Þorsteinssonar í Sólheimum | 23 | 36. |
| 3. Jóseps Jóhannssonar á Litlabúrfelli | 3 | 8. |
| 4. Þorleifs Erlendssonar á Stóraburfelli | 10 | 40. |
| 5. Jónasar Erlendssonar á Tindum | 23 | 92 |
| 6. Jóhanns Þorlákssonar á Hamri | 8 | 80. |
| 7. Stephans Jónssonar á Ásum | 8 | 56. |
| 8. Ármanns Ármannssonar á Kárastöðum | 2 | 80. |
| 9. Erlendar Pálmasonar í Tungunesi | 23 | 36 |
| flyt | 124 | 36 |